

Reykjavík, 12. mars 2019

Niðurstaða athugunar á túlkun skilmála og framkvæmd tjónauppgjörs vegna fjölskyldutrygginga hjá Sjóvá – Almennum tryggingum hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf.

Fjármálaeftirlitið hóf í október 2018 athugun á skilmálum fjölskyldutrygginga og túlkun þeirra í tengslum við framkvæmd á tjónauppgjöri vegna reiðhjólaóhappa og slysa. Markmið athugunarinnar var að skoða sérstaklega hvort framkvæmdin væri í samræmi við II. kafla laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga, 9. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og 4. gr. reglna nr. 673/2017 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti vátryggingafélaga.

Fjármálaeftirlitið skoðaði skilmála og verkferla hvors félags fyrir tjónauppgjör vegna reiðhjólaóhapps/-slyss. Þá var einnig skoðað hvort félögin takmörkuðu eða felldu niður bótarétt ef óhapp eða slys yrði á skipulagðri hjólaæfingu/keppni með íþróttafélagi, svo og hvort máli skipti í tengslum við bótarétt hvort slys/óhapp hefði orðið í fjallahjólamennsku eða á götuhjólum. Í kjölfarið fóru starfsmenn Fjármálaeftirlitsins á starfstöð hvors félags og fengu stutta kynningu á framangreindum atriðum. Þá valdi Fjármálaeftirlitið nokkur úrlausnarmál af handahófi, sem stofnuð höfðu verið í kerfum félaganna á öðrum og þriðja ársfjórðungi ársins 2018, og fór yfir hvernig leyst hafði verið úr þeim málum.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugun þessa taldi eftirlitið ekki tilefni til að gera athugasemdir við starfshætti ofangreindra félaga vegna framkvæmdar við túlkun á skilmálum fjölskyldutrygginga í tengslum við tjónauppgjör vegna reiðhjólaóhappa/-slysa.